


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Áfangaheiti SMÍ3248</b> <b>Námsáætlun HAUST 2016</b>	

<b>Kennari</b>	Stefán finnbogason-Kristján Þ Kristinsson	<b>Sk.st.</b>	STF_KPK
----------------	---	---------------	---------


**Áfangalýsing:** Neminn á að geta unnið nokkuð sjálfstætt, þó undir eftirliti sé. Nemendur kynni sér hina ýmsu vinnustaði sem starfa á sviði málmíðnaðar. Nemandi á að læra að geta unnið samkvæmt teikningum og metið hvernig best er að vinna verkið með tilliti til kostnaðar, öryggis, efnisvals og gæða. Nemendur vinna í sumum tilfellum samkvæmt eigin teikningu og meta hvernig best er að vinna fyrirfram ákveðið verk, þá er hlutur mældur, rissaður og síðan gerð vönduð vinnuteikning. Nemendur ættu að geta, að áfanga loknum unnið tilfallandi verkefni eftir vinnuteikningu, merkt upp einfalda útflatninga eftir nákvæmum vinnuteikningum, formað með beygingu og völsun og sett saman, sem og beitt þeim málmsuðuaðferðum sem við á hverju sinni. Farið er yfir meðferð, umhirðu og öryggisþætti allra véla og tækja sem kemur að vinnu þeirra, sem og annara almennra öryggisþátta á verkstæðinu. Nemendur þjálfast í hópstarfi og samvinnu um smíðaverkefni. Nemendur samhæfa þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa öðlast í öðrum áföngum, s.s. handavinnu, suðu, rennismíði, plötuvinnu, teikningu og aflvélavirkjun við vinnu verkefna.

**Markmið:** Að neminn geti unnið verkefni samkvæmt teikningum upp á málvik sem gefin eru upp á teikningu og þekki helstu vélar og verkfæri til plötusíða kunni á þeim skil, sem og algengasta fylgibúnaði. Að nemandi kunni einnig skil á helstu vinnsluháttum og geti unnið í bor og niðurefnunarvélum, fundið út snúnings og færsluhraða véla, áætlað verk og sé vel meðvitaður um öryggisþætti og reglur þessara tækja. Að hann þekki helstu vinnureglur og vinnubrögð varðandi grunnatriði í plötuvinnu sem og þau tæki og verkfæri er þar eru notuð. Kunni skil á og geti beitt hinum ýmsu málmsuðuaðferðum. Og ekki síst er að hann fái hugmynd um hvernig er að glíma við "venjulega verkstæðisvinnu".

**Námsgögn:** Auk véla og verkfæra eru það handbækur og töflubækur ýmiskonar – Teikningar og riss af verkefnum ofl. - Ýmiskonar kennslumyndbönd yfir vélar, verkfæri, verktækni, öryggismál o.fl.

**Áætlun um yfirferð:** Hver nemandi vinnur að sínu verkefni eftir því sem tæki og vélar leyfa og dreifist það þannig að nemendur vinna að mismunandi verkþáttum. Samvinna er einnig stór þáttur þar sem nemendur þjálfast í hópstarfi og samvinnu um smíðaverkefni. Ekki er gefin upp nein nákvæm vikuáætlun.

**Verkefni:** Hver nemandi smíðar sitt eigið vinnuborð og ljósker til eignar. Einnig verður farið í útflatninga bæði í þunnt og þykkra efni og leitast við að forma, beygja og valsa eftir því sem við á. Vinnustaðaheimsóknir verða nokkrar í áfanganum, og leitast við að varpa sem bestu ljósi á fjölbreitt störf í málmíðnaði. Nemandi er gert að skila vettvangsskýrslu um hverja ferð og þarf hún að hafa borist kennara eigi síðar en viku eftir heimsókn. Skili nemandi ekki skýrslu á réttum tíma dregst 1. af einkunninni fyrir hvern dag fram yfir.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Áfangaeiti SMÍ3248</b> <b>Námsáætlun HAUST 2016</b>	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Sjá töflu	Sjá töflu að neðan		Sjá töflu

	Reiknitafla fyrir námsmat							
	Vinnuborð	Skúffur	T-stykkí	Ljósker	Fellan lagt borð	Vinnusemi	Einkunn	Lokaeinkunn
SMÍ 324	65%	10%	5%	5%	5%	10%		

**Annað:**

Símar og tónlistarspilarar eru bannaðir í kennslustundum sbr. skólareglur.

Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því árlöndandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurtekningum.


Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.

Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður "tuskudagur" þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrifa vélar, tæki og verkstæði.

Dagsetning: 5-10-2016



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils